

Táلكnafjarðarhreppur
b/t Óskar Örn Gunnarsson
Miðtúni 1
460 Táلكnafirði

Reykjavík 11. janúar 2021
UST202101-066/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Táلكnafjarðarhrepps 2006 - 2028 og deiliskipulagi fiskeldis í landi Norður-Botns.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Táلكnafjarðarhrepps er barst 14. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Táلكnafjarðarhrepps 2006 - 2028 og breytingar á deiliskipulagi fyrir fiskeldisstöð í landi Norður-Botns.

Breytingin varðar landnotkun svæða í landi Norður-Botns, þ.e. iðnaðarsvæði I3 og I11, efnistökusvæði E3 og E6 ásamt þjóðvegi nr. 63, Bíldudalsvegi.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð skipulagsbreyting mun fela í sér að auka framleiðslugetu fiskeldisstöðvarinnar í Norður-Botni og skýra hvar framleiðsla skuli staðsett, staðsetja iðnaðarsvæði I11 í jaðri heimatúns og skilgreina heimildir til uppbyggingar, staðsetja efnistökusvæðin E3 og E6 í samræmi við framkvæmdaleyfi, þar sem efnistaka er ætluð til vegagerðar og uppbyggingar á svæði I3, og heimila færslu þjóðveggar 63 og byggingar brúar yfir Botnsá.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð skipulagsbreyting mun fela í sér að hámarksframleiðsla í Norður-Botni eykst úr 200 t í 2400 t á ári og stækkun byggingarreits I um 5,2 ha. til suðvesturs. Byggingarmagn eykst töluvert en stækkun stöðvarinnar gerir ráð fyrir tíu húsum þar sem gert er ráð fyrir samtals 60.000 m³ kerjarými innanhúss og heildar byggingarmagn er samtals 45.000 m².

Náttúrufar og náttúruminjar - votlendi

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið stækkar til sjávar og er gerð grein fyrir mörkunum á mynd 5.1 í greinargerð. Umhverfisstofnun bendir á að einnig er að finna sjávarfitjar á skipulagssvæðinu skv. korti Náttúrufræðistofnunar Íslands sem fjallar um sérstaka vernd náttúruyfyrirbæra (<https://serstokvernd.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að votlendið, leirurnar og sjávarfitjarnar falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillöggunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Í greinargerð kemur fram að raski á landi skal haldið í lágmarki við lagningu fráveiturörs. Frágangur yfirborðs skal vera í sömu hæð og aðliggjandi svæði og þannig að sandmaðksleirurnar jafni sig fljótt í fyrri horf.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruvæðingabæri sem verða fyrir röskun.

Úrgangur og urðun

Í greinargerð kemur fram að draga skal skipulega úr myndun úrgangs og lífniðurbriðunarlaga úrgangur skal fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar.

Umhverfisstofnun bendir á að endurnýting er ofar en förgun í forgangsroðun meðhöndlunar úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Þessu tengt minnir stofnunin á að fastefnið sem síast úr hreinsikerfum frárennslis fiskeldisins er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fóðurleifa. Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin hefur unnið leiðbeiningar til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna/sets úr frárennslis í stað þess að farga því með urðun.

[https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%*c*3%*b*0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf](https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Mengandi-starfsemi/Lei%c3%b0beiningaskjal_fraveitu_og_fastefnismedhondlun_2020.pdf)

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið vinnur nú að gerð stefnu um meðhöndlun úrgangs sem stefnt er að klára árið 2021. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að hægt er að vísa til aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum þegar rætt er um að draga úr urðun lífræns úrgangs, en þar eru settar fram aðgerðir um bann við urðun lífræns og lífbrjótanlegs úrgangs.

Ásýnd og rask

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því að oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Fráveita

Í tillögunni er fyrirhugað að leggja fráveitulögn út fyrir meðalstórstraumsfjöru, sbr. 9.2. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitu og skólþ. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna er háð samþykki stofnunarinnar samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjárleiðslna. Framkvæmdir skulu samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um skipulag haf- og strandsvæða.

Efnistaka í Botnsá - Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögumum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að vatnaáætlun fyrir Ísland er í almennri kynningu og áætlað er að áætlunin taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fyrirhuguð eru efnistökusvæði í Botnsá, en Botnsá hefur vatnshlotsnúmerið 101-366-R undir stjórn vatnamála. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.


Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka í Botnsá getur valdið vatnsformfræðilegu álagi á lífríki árinna.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson
sérfræðingur